

Ársskýrsla

Skólaárið 2006—2007

Skólaskrifstofa Austurlands





Ársskýrsla

Skólaárið 2006—2007

Skólaskrifstofa Austurlands

Aðalfundur, Reyðarfirði 15.október, 2007

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 4 |
| Starfmannahald | 6 |
| Þjónustusvæði | 7 |
| Samantekt sérfræðimála fyrir árið 2005—2006 | 9 |
| Endurmenntun, ráðstefnur og fræðslufundir | 15 |
| Ýmis verkefni | 17 |
| Lokaorð | 18 |

Inngangur

Þetta er 11. ársskýrsla Skólaskrifstofu Austurlands sem tók formlega til starfa 1. ágúst 1996 og hefur því starfað í ellefu skólaár. Skrifstofan er byggðasamlag 8 sveitarfélaga á Austurlandi (voru 22) frá Djúpavogshreppi í suðri til Vopnafjarðarhrepps í norðri. Grunnskólanemendur á svæði skrifstofunnar voru 1495 (sbr. íbúatölur Hagstofu Íslands frá 1. desember 2006) í 15 skólum skólaárið 2005 – 2006.

Æðsta vald byggðasamlagsins er í höndum aðalfundar. Hann sitja fulltrúar aðildarsveitarfélaganna með atkvæðavægi sem hér segir:

| <u>Fjöldi íbúa</u> | <u>Fj. fltr.</u> | <u>Viðbót</u> | <u>Vægi atkv.</u> |
|--------------------|------------------|---------------|-------------------|
| 0 - 200 | 1 | | = 1 |
| 201 - 550 | 1 | + 1 | = 2 |
| 551 - 900 | 1 | + 2 | = 3 |
| 901 - 1250 | 1 | + 3 | = 4 |
| 1251 - 1600 | 1 | + 4 | = 5 |
| 1601 - 1950 | 1 | + 5 | = 6 |
| 1951 - 2300 | 1 | + 6 | = 7 |
| 2301 - 2650 | 1 | + 7 | = 8 |
| 2651 - 3000 | 1 | + 8 | = 9 |
| 3001 - 3350 | 1 | + 9 | = 10 o.s.frv. |

Aðalfundur kýs fimm manna stjórn og jafnmarga til vara. Stjórnin veitir stofnuninni faglega forstöðu og hefur eftirlit með starfsemi hennar.

Starfsemi skrifstofunnar byggir á samningi byggðasamlagsins, lögum um grunnskóla nr. 66/1995, 42. og 43. grein sem fjalla um sérfræðiþjónustu grunnskóla, reglugerð nr. 386/1999 um sérfræðiþjónustu skóla og reglugerð nr. 905/2003 um breytingu á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1999.

Helstu verkefni skrifstofunnar eru samkvæmt samningi:

Almenn og greinabundin kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og sálfræðiþjónusta við grunnskóla.

Rekstur og umsjón kennslugagnamiðstöðvar, ráðgjöf um uppbyggingu og starfrækslu skólasafna sbr. 54. gr. grunnskólalaga.

Símenntun kennara, nýbreytni og þróunarstörf.

Skýrslugerð og upplýsingagjöf til skóla, sveitarstjórna og samtaka þeirra, menntamálaráðuneytis og annarra opinberra aðila.

Launaútreikningur fyrir öll sveitarfélög á starfssvæði skrifstofunnar skv. nánari útfærslu þar um.

Önnur mál, sem aðalfundur eða stjórn vísa til skrifstofunnar.

Ráðgjöf í deilumálum eftir því sem við á og vísað er til skrifstofunnar.

Ráðgjöf vegna eftirlits með framkvæmd grunnskólalaga.

Ráðgjöf og sálfræðiþjónusta við leikskóla sem reknir eru af aðildarsveitarfélögum.

Annað, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Skólaskrifstofa Austurlands er fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir eigendur sína, þ.e. sveitarfélögin, og hefur fyrir þeirra hönd yfirumsjón með ýmsum þáttum í starfi grunn- og leikskóla, þ.e. greiningu, ráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Skrifstofan hefur einnig skyldur gagnvart öllum þeim sem tengjast starfi grunnskólanna á svæðinu eins og skólastjórnendum, kennurum, forráðamönnum nemenda og nemendum. Upplýsingagjöf til þessara aðila er því mikilvægur þáttur í starfi þeirra sem vinna hjá skrifstofunni.

Á skólaárinu var framhaldið ýmsum verkefnum sem unnið hefur verið að undanfarin ár.

Skýrslan byggir á starfseminni skólaárið 2006 – 2007 og skiptist í eftirtalda efnisþætti:

Starfsmannahald
Þjónustusvæði
Sérfræðiþjónusta
Endurmenntun, fræðslufundir og námskeið
Ýmis verkefni
Lokaorð

Í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands sem kosin var á aðalfundi á Reyðarfirði þann 13. október 2006 hafa setið:

| | |
|---------------|---|
| Formaður: | Svanhvít Aradóttir, Fjarðabyggð |
| Varaformaður: | Práinn Lárusson, Fljótsdalshéraði |
| Ritari: | Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, Djúpavogshreppi Einar Björn Kristbergsson, Vopnafirði Elfa Rúnarsdóttir, Seyðisfirði |
| Til vara: | Jósef Friðriksson, Fjarðabyggð Þorbjörn Rúnarsson, Fljótsdalshéraði Páll Baldursson, Breiðdalshreppi Þorvarður Ingimarsson, Fljótsdalshreppi Margrét Hjarðar, Borgarfjarðarhreppi |

Stjórnin hélt fimm fundi á starfsárinu.



Starfsmannahald 2006—2007

Nokkrar breytingar urðu á starfsliði Skólaskrifstofu Austurlands á skólaárinu 2006-7. Starfsmenn voru:

Aðalheiður Jónsdóttir sálfræðingur 100% starfshlutfall. Hún hefur verið starfandi við Skólaskrifstofuna í 4 ár. Hún hefur umsjón með sálfræðiþjónustu Skólaskrifstofunnar.

Gíslunn Jóhannsdóttir ritari 60% starfshlutfall. Hún sinnti útláni kennslugagna og ýmsum skrifstofustörfum.

Hugrún Sigurjónsdóttir sálfræðingur (sem áður hefur starfað við Skólaskrifstofuna) kom til tímabundinna starfa um miðjan janúar 2007 og naut skrifstofan krafta hennar þar til í lok maí, 2007.

Jarprúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi 100% starfshlutfall. Hún sinnti almennri kennsluráðgjöf, greiningu í stærðfræði, verkefnastjórn með Olweusarverkefninu í þremur skólum í Fjarðabyggð og umsjón með Stóru upplestrarkeppninni.

Karen Júlía Sigurðardóttir sálfræðingur lét af störfum 1. desember eftir að hafa verið starfandi í 3 ár við Skólaskrifstofuna.

Magdalena Gunnarsdóttir sálfræðingur hefur verið í 50% starfi við Skólaskrifstofuna síðan í byrjun nóvember 2006.

Ruth Magnúsdóttir kennsluráðgjafi var í launalaus leyfi.

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Hann sinnti stjórnun, ráðgjöf, fjárreiðum, launaútreikningum og ýmsum upplýsingum um skólastarf.

Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir kennsluráðgjafi 90% starfshlutfall. Auk almennrar kennsluráðgjafar sinnti hún greiningu og ráðgjöf í lestri. Hún hafði yfirumsjón með sérfræðiþjónustu Skólaskrifstofu Austurlands.

Ólafía Þórunn Stefánsdóttir kennsluráðgjafi 100% stöðuhlutfall. Hún sinnti almennri kennsluráðgjöf og greiningu í lestri og stærðfræði.

Aðrir starfsmenn:


Ásdís Sigurjónsdóttir iðjupjálfi er í 10% starfshlutfalli.

Skólaskrifstofan hefur heimild fyrir 1½ stöðu sálfræðings og selur Félagsþjónustu Fjarðabyggðar ½ stöðu sálfræðings. Þá keypti Skólaskrifstofan þjónustu af Halldóru Baldursdóttur, talmeinafræðingi, Önnu Maríu Arnfinnsdóttur, námsráðgjafa og Þorbjörgu Ólöfu Jónsdóttur, námsráðgjafa.


Þjónustusvæði

Á þjónustusvæði skrifstofunnar voru 9.739 íbúar 1. desember 1995. Af þeim voru 1.675 á grunnskólaaldri eða 17,20% af íbúafjöldanum.


Þann 1. desember 2006 voru íbúar á svæðinu 13.164 en grunnskólanemendur 1495 en nemendum hefur fjölgað frá fyrra skólaári um 30 miðað við tölur Hagstofunnar.




Fjöldi nemenda eftir sveitarfélögum skv. upplýsingum Hagstofunnar m.v. 1. desember 2006.



Þróun nemenda og íbúafjölda 1995-2006





Samantekt sérfræðimála fyrir árið 2006-2007

Starfssvið sérfræðinga

Starfsemi sérfræðipjónustunnar byggir á grunnskólalögum og reglugerð um sérfræðipjónustu grunnskóla. Leikskólar fá einnig ráðgjöf og sálfræðipjónustu frá sérfræðipjónustunni. Þjónustan felst í sálfræðiráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, almennri kennsluráðgjöf og ráðgjöf vegna nemenda með íslensku sem annað mál. Skólaskrifstofan hefur fyrir utan fast starfslíð aðgang að ráðgjöf hjá iðjuþjálfra, talmeinafræðingi og námsráðgjafa. Unnið er eftir tilvísunarbeiðnum. Tilvísanir sem bárust til skrifstofunnar á síðastliðnu skólaári voru rúmlega 356 talsins. Ein beiðni getur náð til allt að þriggja sérfræðinga stofnunarinnar og því er fjöldi sérfræðimála umtalsvert hærri en tilvísanafjöldi.

Sálfræðingar

Starf sálfræðinganna felst m.a í greiningu og ráðgjöf vegna námserfiðleika, hegðunar- og tilfinningavandamála. Þar að auki sátu sálfræðingar oft fundi í nemendaverndarráðum grunnskólanna. Þrátt fyrir að Skólaskrifstofan hafi ekki skilgreint verkvið skólasálfræðinga sem meðferð, sinna sálfræðingar skrifstofunnar samt sem áður að töluverðu leyti slíkri vinnu. Sú ráðgjöf sem foreldrum og kennurum er veitt vegna ýmiskonar vanda hjá nemendum hefur einnig það markmið að bæta líðan og hegðun barna og hefur þar með mikið meðferðargildi. Auk þess miðar vinna sálfræðinga fyrir Félagsþjónustu Fjarðabyggðar að mestum hluta að því að veita stuðning og meðferð við ýmiskonar vanda. Það er því ljóst að tal um að skólasálfræðingar sinni ekki meðferðarvinnu er ekki alls kostar rétt. Hins vegar hafa skólasálfræðingar ekki tíma til þess að sinna meðferðarvinnu þar sem um röð margra viðtala er að ræða og slíkt er heldur ekki tilgangur sálfræðipjónustu við skóla.

Markmið sálfræðinga

Helstu markmið sálfræðinga við Skólaskrifstofuna verður enn sem fyrr að sinna þeim beiðnum sem til skrifstofunnar berast á sem faglegastan hátt. Sífelld meiri áhersla hefur verið lögð á ráðgjöf til foreldra og kennara í framhaldi af greiningu. Haft verður áfram að leiðarljósi að foreldrar og kennarar séu virkir gerendur í því að aðstoða börn sín til meiri þroska og vellíðunar fremur en að þeir séu aðgerðarlausir þiggjendur þjónustu.

Staða mála hjá sálfræðingum - Skólaþjónusta


Mikill fjöldi nemenda fær aðstoð skólasálfræðings árlega. Á árinu sem er að ljúka hefur um það bil 12% grunnskólanemenda hlotið þjónustu sálfræðings, auk barna í leikskólum.

Á skólaárinu bárust sálfræðingum 152 beiðnir vegna leik- og grunnskólabarna sem er aukning um u.þ.b. tvo tugi frá árinu áður. Frá því fyrir tveimur árum síðan hefur orðið því sem næst þriðjungsaukning á fjölda beiðna til skólasálfræðinga.

Í ár komu sálfræðingar að málum 206 leik- og grunnskólanemenda. Þar af er vinnu vegna 186 mála lokið. Aldrei áður hafa sálfræðingar unnið að málum jafn margra barna og aldrei hefur tekist að ljúka jafnmörgum málum fyrir skólalok.

Á næsta skólaári heldur vinna við málefni 20 nemenda áfram.

Í lok skólaárs eru 34 börn á biðlista hjá sálfræðingum (23 grunnskólabörn og 11 leikskólabörn). Þetta er svipað og verið hefur við lok skólaárs undanfarin 4 ár. Fimm þessara barna hafa beðið frá árinu 2006 (vegna ýmissa orsaka, m.a. vegna þess að verið er að vinna í málum þeirra á öðrum vígstöðvum). Við upphaf næsta skólaárs verða flest önnur börn á biðlistanum búin að biða aðstoðar í u.þ.b. 6-7 mánuði. Á þessu ári hefur því tekist að stytta biðtímann nokkuð. Sömuleiðis hefur gengið nokkuð vel að stytta þann tíma sem vinnsla einstakra mála tekur.




Önnur verkefni sálfræðinga

Önnur verkefni sem sálfræðingar hafa sinnt á árinu eru m.a.:

- ýmis fræðsla fyrir nemendur og foreldra
- seta á nemendaverndarráðsfundum í flestum stærri skólum á svæðinu
- ráðgjöf vegna “fjölgreinanáms” í Nesskóla
- öflun og miðlun fagefnis á sálfræðisviði
- öflun, miðlun og gerð fræðsluefnis á sálfræðisviði
- ábendingar um efni á heimasíðu Skólaskrifstofunnar
- samráð við Félagsþjónustu Fjarðabyggðar,
- ýmsir fundir, m.a. vegna Greiningarteymis og hugmynda um samráð stofnana sem koma að geðheilbrigðismálum barna á svæðinu.

Yfirlit yfir fjölda mála hjá sálfræðingum 1998/9 – 2006/7

| | Lokið/í gangi í skólum/fél.þj. | Lokið í skólum | Á biðlista í skólum í lok skólaárs | Fjöldi beiðna sem barst á skólaárinu - frá skólum |
|------------------|-----------------------------------|-------------------|--|---|
| 2006-7 | 206 + 49 (fél.þj.)= 255 | 186 | 34 | 152 |
| 2005-6 | 158 + 39 (fél.þj.) = 197 | 100 | 40 | 131 |
| 2004-5 | 183 + 31 (fél.þj.) = 214 | 166 | 33 | 106 |
| 2003-4 | 162 + 19 (fél.þj.) = 181 | 139 | 31 | 68 |
| 2002-3 | 95 | | ca. 60 | |
| 2001-2002 | 158 | | | |
| 2000-2001 | 135 | | | |
| 1999-2000 | 146 | | | |
| 1998-1999 | 92 | | | |



Kennsluráðgjafar

Starfssvið kennsluráðgjafa felst m.a í að aðstoða kennara (leik- og grunnskólakennara) við að skipuleggja námskrá nemenda með alvarleg hegðunar- og samskiptavandamál, handleiðslu vegna nemenda með sérþarfir, greiningu á lestrar- stærðfræði og stafsetningarerfiðleikum og ráðgjöf varðandi kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Kennsluráðgjafar sitja oft á teymisfundum sem haldnir eru vegna nemenda með þroskafrávik eða hegðunarvandamál.

Kennsluráðgjafar komu í alla grunnskóla á svæði Skrifstofunnar á kennsluárinu. Þeir sinntu alls 305 málum á skólaárinu, 9 mál eru í vinnslu og 15 mál í bið. 228 tilvísanir komu inn á borð kennsluráðgjafa á skólaárinu. Ef taldar eru saman allar tilvísanir til kennsluráðgjafa þá hafa ráðgjafarnir sinnt 400 málum og 294 beiðnir hafa komið inn á árinu.

Skólaskrifstofan hefur haft umsjón með skipulagningu og framkvæmd *Stóru Upplestrarkeppninnar* á starfssvæði skrifstofunnar. Í því felst m.a. formennska í héraðsnefnd keppninnar, samskipti við undirbúningsnefnd keppninnar, skipulagning og framkvæmd lokahátíða í fjórðungnum. Þá hefur skrifstofan farið með verkefnisstjórn Olweusarverkefnisins (eинeltisáætlanir) í Grunnskóla Reyðarfjarðar, Grunnskóla Eskifjarðar og Nesskóla.

Olweusaráætlun gegn einelti er forvarnarverkefni sem hefur að markmiði að bæta líðan nemenda í skólum, stuðla að bættum samskiptum og góðum skólaanda.

Skólaskrifstofan seldi Verkmenntaskóla Austurlands sérkennsluráðgjöf 4 tíma í viku frá febrúar til og með apríl.

Talmeinafræðingur

Halldóra Baldursdóttir talmeinafræður sinnti 7 grunnskólum og 11 leikskólum. Hún lauk alls 64 verkefnum, 13 eru í vinnslu og 12 í bið. Á árinu komu inn 51 tilvísun vegna talmeinafræðings þar af voru 10 verkefni í grunnskólum en 54 verkefni úr leikskólum.

Námsráðgjöf

Námsráðgjöf stóð þeim skólum til boða sem ekki hafa námsráðgjafa innan skólanna. 7 skólar fengu heimsókn námsráðgjafa. Ráðgjöfin sem veitt var í skólunum var bæði einstaklings- og hópráðgjöf fyrir nemendur og foreldra. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir og Anna María Arngrímsdóttir námsráðgjafar sinntu þessari ráðgjöf á skólaárinu 2006-2007.

Iðjuþjálfari.

Ásdís Sigurjónsdóttir iðjuþjálfari er í 10%starfshlutfalli við skrifstofuna. Hún lauk 7 málum á skólaárinu, 2 eru í vinnslu og 7 eru í bið.

Forvarnarstarf

Leikskóli:

Skimunarprófið **HLJÓM-2** lagt er fyrir elstu nemendurnar í leikskólum að hausti og aftur í febrúar. HLJÓM-2 er könnun á mál- og hljóðkerfisvitund leikskólabarna. Skólaskrifstofan fær að fylgjast með frammistöðu nemenda og leggur fyrir nemendur málþroskapróf ef niðurstaðan er slök. Í nokkrum leikskólum hafa kennsluráðgjafar hjálpað til við að leggja prófið fyrir.


Grunnskóli:

Samkvæmt breytingu á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1996 skal fylgjast reglulega með framförum í lestri og bregðast við vanda sem upp kemur jafnóðum allt til loka grunnskólans. Sérfræðiþjónustan skal aðstoða skóla við greiningu lestrarerfiðleika og veita kennurum ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við.

LÆSI- lestrarskimun er lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Skólaskrifstofan fylgist með frammistöðu nemenda og leggur til greiningu og ráðgjöf í framhaldi af því, ef þörf krefur. Læsis-skimunarprófin hafa veri lögð fyrir í umdæminu frá árinu 1999. Allir skólar leggja það fyrir og árangurinn hefur smám saman verið að stíga upp á við þ.e. kennarar eru orðnir meðvitaðri um hvaða þættir það eru sem nauðsynlegt er að leggja áherslu á í byrjendakennslunni til að draga úr lestrarerfiðleikum.



GRP 14 (greinandi lestrar- og stafsetningarpróf) er lagt fyrir alla nemendur í 9. bekk. Ef fram koma vísbendingar um lestrarörðugleika (umskráningar-örðugleika) þá er nemendum boðið upp á einstaklingsgreiningu. Nemendur hafa þá fengið staðfestingu á lestrarerfiðleikum sínum og geta fengið ýmsan stuðning þegar í framhaldsskóla kemur.

Stærðfræðiskimun með **Talnalykli**. fer fram í 3. og 6. bekk í flestum skólum og kennsluráðgjafar aðstoða skóla við úrvinnslu.





Heildarfjöldi tilvísana vegna nemenda f. 1991 - 2000
m.v. „grófa“ flokkun.



Endurmenntun, ráðstefnur og fræðslufundir



Á svæði Skólaskrifstofu Austurlands hefur Skólaskrifstofan haft frumkvæði að námskeiðahaldi í samvinnu við skólastjórnendur undanfarin ár. Þátttaka á námskeiðum hefur verið mjög góð. Brýnt er að halda áfram á svipaðri braut í endurmenntunarmálum þ.e. að hafa sameiginleg sumarnámskeið þó svo að einstakir skólar hafi styttri námskeið og fræðslufundi inni í skólunum á skólatíma.

Menntamálaráðuneytið auglýsti styrki úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til endurmenntunar. Alls barst sjóðnum 41 umsókn til 100 verkefna. Sjóðstjórn ákvað að veita styrki til 86 verkefna árið 2007, samtals rúmar 17 milljónir króna. Auk þess ákvað stjórn sjóðsins að veita þriggja milljóna króna styrk til Olweusarverkefnis gegn einelti. **Skólaskrifstofa Austurlands sótti um styrki að upphæð kr. 1.566.000,- í fimm verkefni og hlaut styrki í fjögur, samtals kr. 547.000,-** Skólaskrifstofan hafði samstarf við, Kennaraháskóla Íslands og fleiri aðila um framkvæmd námskeiðanna.



Eftirfarandi námskeið hlutu styrki úr Endurmenntunarsjóði:

Aspergerheilkenni og svipaðar raskanir á einhverfurófi

Tími: 12. apríl

Staður: Grunnskólinn á Egilsstöðum

Leiðbeinendur: Laufey I. Gunnarsdóttir, Þóra Leósdóttir og Sigrún Hjartardóttir

Bekkjarstjórnun á dögum einstaklingsmiðunar

Tími: 10. ágúst

Staður: Grunnskóli Reyðarfjarðar

Leiðbeinandi: Aðalheiður Jónsdóttir

Bekkjarfundir Lífsleikni og lýðræði

Tími: 13. ágúst

Staður: Grunnskóli Eskifjarðar

Leiðbeinandi: Ingileif Ástvaldsdóttir



Fjölbreytni í fyrirrúmi! Einstaklingsmiðað nám og skapandi skólastarf

Tími: 15. - 16. ágúst

Staður: Grunnskóli Reyðarfjarðar

Leiðbeinendur: Ingvar Sigurgeirsson, Margrét Pála Ólafsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir, Marteinn Sigurgeirsson, Auður Stefánsdóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir o.fl.



Starfsfólk skrifstofunnar sótti ýmsa fræðslufundi, ráðstefnur og málþing á starfsárinu

- Fjölgreinanám. Haldið af Skólaskrifstofu Austurlands, 10.8. 2006.
- Einstaklingsmiðað nám. Haldið af Skólaskrifstofu, 15. – 16. 8. 2006.
- Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn. Námskeið fyrir sálfræðinga. Haldið af Sálfræðingafélagi Íslands, 29.9. 2006.
- Haustþing KSA á Seyðisfirði.
- Haustþing sálfræðinga. Haldið af Félagi sálfræðinga við skóla, 12.-13. 10. 2006.
- Velvirk börn á einhverfurófi. Haldið af Skólaskrifstofu Austurlands, 12. 4. 2007.
- Málörvun í leikskóla og í byrjun grunnskólagöngu. Ásthildur Snorradóttir, 4.5. 2007.
- Greindarprófið WISC-IV IS. Haldið af Námsmatsstofnun, 22. – 23. 3. 2007.
- Vorfundur starfsfólks á skólaskrifstofum haldinn í Reykholti í Borgarfirði, í maí.
- Fjölmenningslegt Austurland- málþing 26. September.
- Power Point á nýja vegu Neskaupstað 28. september.
- *Norræn ráðstefna* “ Fra sprog til læsning – børn i risiko for dysleksi” haldið í Kaupmannahöfn dagana 30. ágúst til 1. september 2006.
- *Málþing* KHÍ í Reykjavík dagana 20. og 21. október 2006.
- Að beita sverðinu til sigurs sér- námsmat: Haldið á Akureyri 14. apríl 2007.
- *Börn og heilbrigði* -Vorþing Greiningarstöðvar ríkisins 3. og 4. maí.
- Kynningarfundur með Stígamótum, verkefni félagsþjónustu Fljótdalshéraðs og Fjarðabyggðar, 25. janúar 2007.

Sérfræðingar skrifstofunnar héldu ýmiss konar fræðslufundi fyrir foreldra og kennara á síðastliðnu skólaári.

- Þrjú fræðsluerindi á skólafærninámskeiði sem haldið er ár hvert í Nesskóla fyrir foreldra nemenda 1. bekkjar í september (um samskipti og hegðun, uppeldi skólabarna og lestrarþróun).
- Uppeldi, þroski og hegðun barna við upphaf skólagöngu – Nesskóli 20.9. 2006.
- Fræðsla í 10. bekk Nesskóla um sjálfsvíg – Nesskóli 11.9. 2006.
- Fræðsla í 9. bekk Nesskóla um sjálfsvíg – Nesskóli 11.9. 2006.
- Samskipti og einelti. Fræðsla fyrir foreldra og kennara í 4. bekkjum - Egilsstaðaskóli 13.2. 2007.
- Áfram lestur! Fyrirlestur á Egilsstöðum á námskeiðinu Einstaklingsmiðað nám í ágúst 2006.
- Einstaklingsmiðað samvinnunám, málstofa á námskeiðinu Einstaklingsmiðað nám í ágúst 2006.
- Einelti, námskeið fyrir starfsfólk Verkmenntaskóla Austurlands 16. febrúar 2007.
- Kynningarfundir fyrir starfsfólk vegna Olweusaráætlunarinnar í Fjarðabyggð.
- Fræðslufundir fyrir lykilmenn skólanna þriggja í Olweusarverkefninu.
- Fyrirlestur um undirbúning lestrarnáms í leikskólanum Sólvöllum – Kirkjumel.
- Kynning á starfsemi Skólaskrifstofunnar í nokkrum skólum og í nokkrum félagasamtökum.
- Leikskólalæsing.

Ýmis verkefni

Umsjón með verkefnum:

Skólaskrifstofan hafði umsjón líkt og undanfarin ár með skipulagningu og framkvæmd Stóru Upplestrarkeppninnar á starfssvæði skrifstofunnar. Í því fólst m.a. formennska í héraðsnefnd keppninnar, samskipti við undirbúningsnefnd keppninnar og skipulagning og framkvæmd lokahátíða í fjórðungnum.

Samstarf við RKHÍ vegna rannsóknar um verkefnið „vilji og veruleiki“ (Nýbúar).

Skrifstofan hefur verið tengiliður skóla og Sambands íslenskra sveitafélaga um varðskipsferðir grunnskólanema.

Ýmis fleiri verkefni stór og smá koma inn á borð skrifstofunnar og starfsmenn eru tengiliðir í ýmsum verkefnum.





Lokaorð

Hér að framan hefur verið farið yfir helstu atriði í starfsemi Skólaskrifstofunnar skólaárið 2006—2007.

Eins og fyrri starfsár hafa verkefni verið mörg og margvísleg. Forvarnarstarf hverskonar er ríkur þáttur í starfsemi skrifstofunnar. Álag á starfsmenn skrifstofunnar er oft mikið og krefjandi. Um 12% nemenda fengu þjónustu sálfræðinga á skólaárinu. Biðlistar myndast sem hægt hefur gengið að vinna niður, en þó tókst heldur að saxa á þá á vorönn þegar okkur tókst að auka sálfræðiþjónustuna með tímabundinni ráðningu. Verkefni kennsluráðgjafa og annarra ráðgjafa hafa einnig verið mörg og krefjandi á skólaárinu, en samtals voru þau um 400 talsins. Til að störf sérfræðinga nýtist sem best þurfa skólarnir að vera færir um að takast á við mjög fjölbreytt úrræði vegna nemenda sinna. Innra starf skóla getur skipt sköpum um það hvernig til tekst að aðstoða nemendur eftir greiningar og ráðgjöf sérfræðinga.

Einn þáttur í þeirri viðleitni að efla skólastarf er að standa fyrir öflugri endurmenntun fyrir starfsfólk skólanna. Líkt og undanfarin starfsár Skólaskrifstofunnar var endurmenntun kennara og annarra starfsmanna skóla fyrirferðamikill þáttur í starfi skrifstofunnar. Á síðasta skólaári hélt skrifstofan nokkur námskeið. Eitt þeirra var tveggja daga námskeið í ágúst á Egilsstöðum; „Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttir kennsluhættir – námsmat“, þar sem 148 kennarar mættu til leiks. Á því námskeiði var einstaklingurinn og fjölbreyttir kennsluhættir í brennidepli.

Í ár var sambærilegt námskeið haldið 15. og 16. ágúst á Reyðarfirði, undir heitinu „**Fjölbreytni í fyrirrúmi! Einstaklingsmiðað nám og skapandi skólastarf**“.

Að þessu sinni mættu 160 þátttakendur og voru mjög áhugaverðar kynningar úr austfirskum skólum á námskeiðinu, en um 30 kennarar komu að þeim kynningum. Þótti þetta námskeið takast einstaklega vel. Sá þáttur að skólar af svæðinu kynni sitt starf eða ákveðna þætti þess er einstaklega mikilvægur. Ennfremur má ekki gleyma þeim mikilvæga þætti, þegar kennarar af öllu svæðinu hittast og spjalla saman um skólamála.

Í heildina sóttu um 250 kennarar endurmenntunarnámskeið Skólaskrifstofunnar í sumar. Þessi mikla þátttaka í endurmenntun undirstrikar áhuga og metnað skólafólks til skólastarfs.

Nú um nokkurra mánaða skeið hafa verið í gangi viðræður milli mokrurra þjónustustofnana á Austurlandi um aukna samvinnu á sviði skóla-, heilbrigðis og félagsmála með það að markmiði að bæta þjónustuna enn frekar við íbúana. Er það von okkar að þessar viðræður leiði til meiri og formlegri samvinnu þeirra kerfa sem vinna að hagsmunum barna og fjölskyldna þeirra.

Að lokum vill undirritaður þakka öllum, fyrir hönd stjórnar- og starfsfólks Skólaskrifstofu Austurlands, ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Jafnframt þakkar undirritaður starfsfólki vel unnin störf og stjórn ánægjulegt samstarf.

Reyðarfirði 13. október 2007
Sigurbjörn Marinósson



Skólaskrifstofa Austurlands
Búðareyri 4
730 Reyðarfjörður

☎: 474 1211
📠: 474 1311
✉: skolaust@skolaust.is
💻: www.skolaust.is

